

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Þingeyjarsveit.

*Óveruleg breyting deiliskipulags Þeistareykjavirkjunar.*

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 11. apríl 2019 að gera óverulega breytingu á deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar.

Breytingin felst í færslu á borsvæði B-P, niðurrenslissvæði, um 1.600 metra til suðurs og verður skammt austan Þeistareykjaveggjar, nýr áfangastaður skilgreindur fyrir listaverk með bílastæðum og heimild fyrir þjónustubyggingu með salernum og færslu á veglínunni á um 6,6 km kafla á suðurhluta skipulagssvæðis A og sunnan þess. Til að gera grein fyrir allri breytingu veglínunnar er skipulagssvæði A stækkað til suðurs.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

*Þingeyjarsveit, 13. maí 2019.*

**Guðjón Vésteinsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 14. maí 2019